

Sveitarfélagið Vogar
löndal 2
190 Vogum

Garðabær, 15. september 2025
202507-0140/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2024 - 2040 – Heildarendurskoðun.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Voga vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins 2024–2040 sem barst Náttúruverndarstofnun 24. júlí 2025.

Með endurskoðuninni er sett fram ný stefna sveitarfélagsins um þróun byggðar, atvinnusvæði, samgöngur, orku- og veitukerfi, umhverfismál og landnotkun til næstu 15 ára. Skipulagssvæðið nær yfir allt lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Voga, alls um 165 km², þar með talið Vatnsleysuströnd, Hvassahraun og þéttbýlið í Vogum.

Í greinargerð er vísað til Umhverfisstofnunar á nokkrum stöðum, en stofnunin var lögð niður um áramótin 2024/2025 og urðu þá til Náttúruverndarstofnun annars vegar og Umhverfis- og orkustofnun hins vegar.

Náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar

Í greinargerð kemur fram að svæði á náttúruminjaskrá innan sveitarfélagsins hafi almennt verið sett undir hverfisvernd. Þar kemur fram að verndarákvæði takmarki byggingar, jarðrask og aðra starfsemi sem gæti haft neikvæð áhrif á náttúruminjar. Sérstaklega er tekið fram að hverfisvernd Keilis og Höskuldarvalla tryggi að ekki verði heimiluð námuvinnsla, vegagerð eða mannvirkjagerð sem raska myndu landslagi, jarðmyndunum eða gróðri. Þá er áréttað að allar framkvæmdir sem gætu haft áhrif á náttúruminjar þurfi að tilkynna og bera undir Umhverfisstofnun (nú Náttúruverndarstofnun).

Í greinargerð er þó bent á að fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði í Hvassahrauni liggi að hluta inn á strandlengjuna sem er á náttúruminjaskrá. Þar er tekið fram að rask geti haft neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og því sé áskilið að kortleggja jarðminjar og hraunmyndanir og skipuleggja framkvæmdasvæði með tilliti til þess.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þessi nálgun er jákvætt skref til að styrkja vernd svæðanna en að áhrifin verði engu að síður veruleg ef stór framkvæmdasvæði, svo sem Hvassahraun, verða byggð upp að hluta á náttúruminjaskrá. Mikilvægt er að tryggja að mat á almannahagsmunum, valkostagreining og mótvægisáðgerðir séu útfærðar í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga og að ekki verði veittar undanþágur frá verndarsjónarmiðum nema að undangenginni heildstæðri rökstudda ákvörðun.

Í greinargerð er vísað í C-hluta náttúruminjaskrár Náttúruverndarstofnunar bendir á að svæði sem segir að svæði séu á C-hluta náttúruminjaskrár eru í raun svæði á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Samkvæmt 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög nr. 60/2013 er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skuli gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu. Um náttúruminjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal fara samkvæmt

ákvæðum 67. gr. eldri náttúruverndarlaga nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra hefur farið fram. Þetta þýðir að þessi svæði halda áfram að vera á náttúruverndarskrá skv. eldri lögum, en réttaráhrif 37. gr. nýgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki.

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru engin friðlýst svæði samkvæmt náttúruverndarlögum og auk þess þarf að yfirfara afmörkun á *Tjarnir Vatnsleysuströnd* á uppdrætti og á mynd á bls. 75.

Tillögur að B-hluta

Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruverndarskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruverndarskrár er skrá yfir þær náttúruverndarhlutar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Náttúruverndarstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði í tillögu Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdaáætlun (B-hluta) sem nefnist Vatnsleysuströnd. Þar er klóþangsfjara og fjörupollar, auk þess sem grófgerður og úfinn fjörubeðurinn er ríkur af skjólsælum glufum og skorningum, sem fóstur auðugt lífríki. Fjörubeðurinn er að mestu úfnar hraunklappir, með glufum og skorningum, en á köflum er sandur, mól og stórgrýti. Víða út frá ströndinni eru skerjadrög og aflíðandi grynningar sem skýla fyrir brimi. Brimasemi er talsverð og nokkur. Ofan fjörunnar eru lyng- og mosavaxin hraun. Útivist er stunduð á svæðinu og vestan við það er byggðakjarni.¹

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruverndarskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreind svæði sem forsenda eða til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, afmörkun á hverfisverndarsvæðum, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruverndarskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Friðlýsingar samkvæmt náttúruverndarlögum

Í greinargerð (reyndar undir kaflanum um minjavernd) kemur fram að stefnt sé að verndun náttúruverndarhluta í sveitarfélaginu og friðlýsingu þeirra. Slík svæði eru að jafnaði sett undir hverfisvernd sem tímabundið úrræði þar til friðlýsing fer fram samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

Náttúruverndarstofnun bendir á að mikilvægt er að horft sé til 38. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd varðandi umfjöllun um friðlýsingar skv. náttúruverndarlögum. Með friðlýsingu er tryggt að náttúruverndarhluti njóti formlegrar stöðu og að nýting, framkvæmdir eða aðrar áætlanir taki mið af þeirri vernd.

Í greinargerð (bls. 67) er vísað til 38. gr. náttúruverndarlaga varðandi umsagnarskyldu stofnunarinnar. Náttúruverndarstofnun bendir á að slíkt samráð byggir á 54., 61. og 68. gr. laga nr.

¹ <https://www.natt.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/vatnsleysustrond>

60/2013, þar sem kveðið er á um umsögn stofnunarinnar vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum, svæðum sem njóta sérstakrar verndar og við gerð skipulagsáætlana.

Í kafla 8.7.1. er almenn umfjöllun um friðlýst svæði samkvæmt náttúruverndarlögum, en svo er síðar í kaflanum fjallað um friðlýstar fornleifar skv. Þjóðminjalögum og þar með skilgreint sem Þjóðminjaverndarsvæði sem ætti jafnvel að vera í öðrum kafla.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að hraunið sem er innan sveitarfélagsins nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúruvæðingabærni í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvæðingabærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruvæðinganna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingabæri sem verða fyrir röskun.

Íbúðabyggð og jarðmyndanir

Í greinargerð kemur fram að ný íbúðarsvæði norðan og austan núverandi þéttbýlis í Vogum séu staðsett á hálfgrónu hrauni Þráinsskjaldarhrauns. Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta slík hraunsvæði sérstakrar verndar. Í umhverfismatinu er fjallað um að áhrif á jarðmyndanir séu metin óveruleg, þar sem svæðin séu ekki frábrugðin aðliggjandi víðáttumiklum hraunum norðan og sunnan Reykjanesbrautar. Áhrifin séu þó óljós og fari að miklu leyti eftir nánari

útfærslu í deiliskipulagi. Náttúruverndarstofnun hefur veitt umsagnir á deiliskipulagsstigum varðandi íbúðabygðir í sveitarfélaginu sem mikilvægt er að taka tillit til.²³

Í greinargerð segir jafnframt: „*Þar sem skipulagssvæðið er að hluta til á hrauni skal leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða og á opnum svæðum.*“ Þetta er jákvætt skref, en ákvæðið er fremur opið og kallar á nánari útfærslu í deiliskipulagi til að tryggja raunhæfa vernd.

Náttúruverndarstofnun bendir á að:

- Nauðsynlegt er að kortleggja sjáanlegar jarðmyndanir á svæðinu áður en deiliskipulag er unnið.
- Í hönnun íbúðasvæða þarf að taka mið af þessum niðurstöðum og aðlaga skipulagið að jarðmyndunum, ekki öfugt.
- Sérstaklega þarf að huga að staðsetningu byggingareita, göngustíga, leiksvæða og vega þannig að klappir, hrauntraðir og aðrar sérkenndar jarðmyndanir verði varðveittar.
- Þannig má nýta jarðmyndir sem auðlind í hönnun byggðarinnar, bæði sem náttúrulega leikvelli, græn svæði og sjónrænt gildi, í stað þess að fjarlægja þær.

Með þessu móti má tryggja að uppbygging íbúðasvæða sé í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga og verndarmarkmið um jarðmyndanir, jafnframt sem dregið er úr neikvæðum áhrifum á náttúru og ásýnd svæðisins.

Keilisnes

Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir allt að 180 ha iðnaðarsvæði á Keilisnesi ásamt stórskipahöfn í Flekkuvík. Svæðið er á hálfgrónu hrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í umhverfismatinu er fjallað ágætlega um áhrif uppbyggingarinnar á landslag og hraun, þar sem er tekið fram að uppbygging á svæðinu geti haft neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti, þar á meðal hraunmyndanir og landslag, og að áhrif á vistgerðir við Flekkuvík geti verið alvarleg þar sem þar finnast sjávarfitjungar sem falla undir vernd Bernarsamningsins. Áhrif á minjar, heilsu og öryggi eru sögð óviss og ráðast af nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki liggi fyrir hvaða starfsemi á að fara fram á iðnaðarsvæðinu og því sé óljóst hver umhverfisáhrif þess raunverulega verða. Óvissan snýr bæði að mengunarhættu frá starfsemi á landi (t.d. losun efna, úrgangi eða fráveitu) og mögulegum áhrifum frá hafnarmannvirkjum og starfsemi í Flekkuvík. Vegna nálægðar við viðkvæm strandsvæði og þess að svæðið er að mestu óraskað telur stofnunin að leggja þurfi til grundvallar strangar kröfur og skilyrði um mengunarvarnir, fráveitu og úrgangsstjórnun áður en svæðið er tekið til frekari skipulags.

Mengaður jarðvegur

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar, við gerð skipulags. Skráin er ennþá í vinnslu en stofnunin bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun. Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er og að

² <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%20c3%b6gn%20-%20Tillaga%20-%20Deiliskipulag%20-%20c3%8db%20c3%ba%20arbygg%20-%20nor%20c3%b0an%20bygg%20-%20Gr%20c3%a6naborg%20-%20e2%80%93%202.%20c3%a1fangi%20-%20e2%80%93%20Sveitarf%20c3%a9lagi%20-%20Vogar%2013.%20mars%202024.pdf>

³ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%20c3%b6gn%20-%20Tillaga%20-%20Deiliskipulag%20-%20c3%8db%20c3%ba%20arsv%20c3%a6%20i%20austan%20bygg%20-%20e2%80%93%20Sveitarf%20c3%a9lagi%20-%20Vogar%2013.%20mars%202024.pdf>

mati Náttúruverndarstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Úrgangsmál

Náttúruverndarstofnun bendir á að út kom, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist Í átt að hringrásarhagkerfi. Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsforvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu Saman gegn sóun, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*.⁴

Í greinargerð kemur fram að mælst sé til þess að rekstraraðilar marki sér vinnureglur um söfnun og afhendingu úrgangsefna sem falla til í rekstri, svo nýta megj þau til endurvinnslu. Þetta á jafnt við um úrgang frá þauleldi, fiskeldi og svínabúum. Óljóst er hins vegar að mati stofnunnarinnar hvernig sveitarfélagið sér fyrir sér endurvinnslu úrgangsefna. Í greinargerð er jafnframt tekið fram að æskilegt sé að flýta fyrir þróun í nýtingu lífræns úrgangs og að liggi beinast við að nýta búfjáraburð (svína-, hænsna- og hrossaskít) til uppgræðslu lands. Gert er ráð fyrir að landsvæði verði valin til uppgræðslu í samvinnu við landeigendur, búfjár- og hestaeigendur, Land og skóg og félagasamtök sem hafa það að markmiði að græða landið. Slík landsvæði verði tekin frá og merkt tiltekin tíma til uppgræðslu.

Náttúruverndarstofnun telur afar jákvætt að stefnt sé að því að nýta allan lífrænan úrgang sem fellur til við starfsemina, enda samræmist það markmiðum um hringrásarhagkerfi og dregur úr hættu á mengun. Stofnunin vill þó benda á að notkun dauðfisks eða meltu sem áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar, auk þess sem gæta þarf að því að dreifing og meðhöndlun slíks úrgangs hafi ekki neikvæð áhrif á jarðveg, vatn eða lífríki.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að fráveitukerfi sveitarfélagsins sé að mestu sameiginlegt kerfi fyrir skólps og regnvatn með útrás í sjó við enda Hafnargötu. Ný hverfi eru þó hönnuð með aðskildu kerfi yfirborðsvatns og skólps og stefnt er að nýrri útrás norðan við þá núverandi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir hvernig og hvort eldra fráveitukerfi þéttbýlisins geti tekið við auknu álagi vegna nýrrar íbúðabyggingar. Þá er óljóst hvort uppbygging fráveitumannvirkja verði samhliða uppbyggingu nýrra íbúðahverfa, og telur stofnunin brýnt að tryggja verði að fráveitukerfið ráði við aukið álag áður en ný byggð rís.

Samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélagið ábyrgð á fráveitumannvirkjum og að þau uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitir og skólps. Mikilvægt er að tryggja að álag (mengun) við strendur, í ám og stöðuvötnum vegna skólps hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að strandsvæði sveitarfélagsins eru lífrík og hafa mikið gildi fyrir fuglalíf og búsvæði í fjöru. Mikilvægt er að vandað sé til útrásar og hreinsunar fráveituvatns, með hliðsjón af verndarmarkmiðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013, lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Sérstaklega þarf að tryggja að fráveituvatn valdi ekki næringarauðgun, skaða á fuglalífi eða rýrnun lífríkis í fjöru.

Loftslagsstefna

⁴ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefnal_att_ad_hringrasarhagkerfi.pdf

Náttúruverndarstofnun vill einnig benda á að í c. lið 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Umhverfisviðmið í umhverfismati

Í greinargerð kemur fram upptalning á helstu umhverfisviðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Náttúruverndarstofnun bendir á að í upptalninguna vanti nokkur mikilvæg viðmið sem eiga að vera hluti af matsforsendum:

- Vatnaáætlun Íslands
- Evrópski landslagssamningurinn
- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum
- Lög nr. 47/2005 um varnir gegn mengun hafs og stranda
- Ramsarsamningurinn (1971)
- Bernarsamningurinn (1979)
- Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni (CBD, 1992)

Hverfisvernd á strandlengju

Í greinargerð kemur fram að hverfisvernd strandlengjunnar frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar hafi jákvæð áhrif á náttúruvar, verndarsvæði og búsetulandslag, en að samfélagsleg og hagræn áhrif, sem og áhrif á heilsu og öryggi, séu talin óveruleg.

Náttúruverndarstofnun bendir á að hverfisvernd geti einnig haft jákvæð samfélagsleg og hagræn áhrif, m.a. með því að tryggja aðgengi almennings að náttúru og strandlengju til útivistar. Slíkt hefur bein jákvæð áhrif á lýðheilsu, ferðaþjónustu og ímynd sveitarfélagsins.

Vegir í náttúru Íslands

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að vegir í náttúru Íslands séu skilgreindir í aðalskipulagi, enda eru þeir mikilvæg stýritæki varðandi aðgengi og vernd náttúru. Samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd ber sveitarfélögum að hafa umsjón með vegum í náttúru Íslands og tryggja að þeir séu skráðir í vegaskrá í samræmi við 32. gr. laganna.

Óljóst er hvort að það séu einhverjir vegir á vegaskrá Vegagerðarinnar sunnan við Reykjanesbraut innan sveitarfélagsins. Náttúruverndarstofnun bendir á að það er mikilvægt að þeir vegir sem nýttir eru í tengslum við rannsóknarborholur og önnur orkutengd mannvirki séu skráðir sem vegir í náttúru Íslands, með tilgreindu númeri og heiti, og að markmið, tilgangur og notkun hvers vegar sé skilgreind. Þetta á jafnframt við um slóða vestan Snorrastaða sem liggur yfir sveitarfélagamörk og þarf því að samræma við vegaskrá nágrannasveitarfélaga, t.d. Grindavíkur.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í vegaskrá sé einnig tekið fram ef vegur er þjónustuvegur eingöngu fyrir tiltekna starfsemi (svo sem viðhald raflína eða orkumannvirkja), og að slíkum vegum fylgi skýrar takmarkanir um umferð almennings.⁵

Þá er ekki gert ráð fyrir að vegir sem ekki eru til eða hafa ekki verið lagðir verði skráðir í vegaskrá.⁶

⁵ 260/2018 – Reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd.

⁶

<https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/4zBeAilu5B0h5m6DAP00Z8/ac6908c0160ddb64a2e689c042e9d011/Vegir-i-natturu-Islands.pdf>

Að mati stofnunarinnar eru gögn nokkuð óljós og því óskar stofnunin eftir frekara samráði við sveitarfélagið um skilgreiningu vega í náttúru Íslands og vegum sem skráðir eru í aðalskipulag, í samræmi við 32. gr. náttúruverndarlaga, til að tryggja að skráning verði samræmd, nákvæm og í samræmi við verndarmarkmið laganna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri